



## Leiðarljós Grunnskólans Hellu byggja á einkunnarorðum skólans sem eru: virðing, vinátta og viðsýni

Leiðarljós okkar eru að:

- skapa jákvætt andrúmsloft og stuðla að vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
- allir nemendur finni í skólanum öryggi og væntumþykju, sem byggist á sjálfsvirðingu, jafnrétti og kristilegu siðgæði.
- nemendur öðlist sjálfstraust og jákvæða lífsýn.
- nemendur öðlist færni í mannlegum samskiptum svo sem tillitssemi, umburðarlyndi og sýni gagnkvæma virðingu.
- nemendur verði ábyrgir með heilbrigðan metnað og tilbúnir að takast á við hið óþekkta.
- skapa hvetjandi og uppörvandi námsumhverfi, þar sem nemendum gefst kostur á að vinna sjálfstætt eða með öðrum.
- framsetning kennslunnar miðist við þarfir einstakra nemenda þar sem tekið er tillit til mismunandi þroska og getu
- nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu, menningu og námsefni.
- nemendur temji sér góða námstækni, öðlist skapandi hugsun, geti valið og hafnað og hafi ánægju af námi.
- nemendur öðlist þá grunnþekkingu sem nýtist þeim í framtíðarnámi og starfi, auk trúar á gildi menntunar og skólagöngu.
- hafa gott samstarf við heimilin og aðra þá aðila sem að skólanum koma s.s. sveitarstjórn, stoðþjónustu, önnur skólastig o.fl.
- skólinn sé öruggur vinnustaður og nemendur læri að varast hættur í umhverfi sínu.
- umgengni og framkoma nemenda sé með þeim hætti að refsinga sé ekki þörf.
- nemendur læri að virða reglur samfélagsins og verði hæfir þjóðfélagsþegnar.